

## Læknaþing

Læknafélag Íslands í samvinnu við Læknafélag Reykjavíkur,  
læknaráð LSH og undirbúningsnefnd læknaráðs  
Heilsugæslunnar í Reykjavík

Efni: **Sjúklingar og læknar í samfélaginu – staða þeirra og hlutskipti**

Staður: Salurinn í Kópavogi

Tími: Föstudagur 1. október 2004, kl. 13-16

Pingforseti: Friðbjörn Sigurðsson, formaður Læknaráðs Landspítala

Leiðarstef dagsins: **Professionalism**  
Jim Appleyard, forseti World Medical Association

Erindi: **Hagur sjúklinga – skyldur lækna**  
Elínborg Bárðardóttir, formaður Félags íslenskra heimilislækna

**Hagur sjúklinga – skyldur lögfræðinga**  
Dögg Pálsdóttir, lögmaður

**Hagur sjúklinga – skyldur fréttamanna**  
Robert Marshall, formaður Bláðamannafélags Íslands

**Hagur sjúklinga – trúnaðarsamband lækna og samfélags**  
Óskar Einarsson, formaður Læknafélags Reykjavíkur

Umræður og fyrirspurnir til fyrirlesara

Opið öllum læknum



## Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum

HÁSKÓLINN Á Akureyri hefur gefið út **Handbók í aðferðafræði og rannsóknnum í heilbrigðisvísindum** sem er safn 26 ritgerða eftir jafnmarga höfundu. Ritstjórar bókarinnar eru dr. Sigríður Halldórsdóttir og dr. Kristján Kristjánsson prófessorar við Háskólann á Akureyri.

Tæpast þarf að fjölyrða um þörfina á bók sem þessari í þeirri gróskutíð sem nú ríkir í íslenskum heilbrigðisvísindum. Eins og fram hefur komið hér í blaðinu og víðar hafa fjölmörg fyrirtæki, stór og smá, haslað sér völl í íslenskum lífvísindum og starfsfólki í greininni fjölgað ört á síðustu árum.

Í frétt um útgáfu bókarinnar segir meðal annars að ritíð innihaldi „ekki eingöngu lýsingar á helstu rannsóknaraðferðum sem notaðar eru í íslenskum heilbrigðisvísindum ... heldur eru í ritinu einnig lýsingar

á mikilvægum undirbúningskrefum sem lúta að gerð rannsóknaráætlana, s.s. gagnasöfnun, úrtaksgerð, tölfræði og áreiðanleika mælitækja, ásamt köflum um rannsóknarsíðfræði.“

Í fréttinni er vitnað til orða dr. Björns Guðbjörnssonar formanns Vísindasiðanefndar sem fagnar því að út sé komin bók um þetta efni sem miðuð er við íslenskar aðstæður að öllu leyti. „Það er fagnaðar efni fyrir rannsóknarnema og kennara þeirra í heilbrigðisvísindum að fá í hendurnar ýtarlega íslenska kennslubók á þessu sviði sem mun auðvelda kennslu og stuðla þannig að enn vandaðri rannsóknavinnu í framtíðinni,“ segir Björn.

Bókin er gefin út í kiljuformi og er 481 bls. að stærð. Háskólaútgáfan dreifir bókinni og er viðmiðunarverð hennar 3500 krónur.

